



**Fréttatilkynning**  
**frá**  
**skrifstofu forseta Íslands**

**ÞAKKIR TIL ÍSLENDINGA FRÁ LITHÁEN**  
**RÍFLEGA 200.000 UNDIRSKRIFTIR AFHENTAR Á BESSASTÖÐUM**

Undirskriftir ríflega 200 þúsund Litháa verða afhentar við hátíðlega athöfn á Bessastöðum á morgun, laugardaginn 19. ágúst, kl. 12:00. Undirskriftirnar eru þakkir til íslensku þjóðarinnar fyrir að hafa fyrst þjóða viðurkennt sjálfstæði Litháen. Söfnunin hefur staðið yfir undanfarna mánuði í Litháen og fjölmenn sveit Litháa fylgja undirskriftunum til Íslands. Í þeim hópi eru m.a. tónlistarmenn sem taka þátt í dagskrá menningarnætur.

Skipuleggjendur undirskrifasöfnunarinnar hafa falið Arturas Zuokas borgarstjóra Vilnius, höfuðborgar Litháen, að afhenda skrárnar íslensku þjóðinni og munu forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Alþingis, Sólveig Pétursdóttir, og borgarstjórinn í Reykjavík, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, taka við þeim. Þær verða síðan varðveittar í Þjóðskjalasafni Íslands.

Við athöfnina á morgun munu jafnframt borgarstjórinn í Reykjavík, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Arturas Zuokas borgarstjóri Vilnius skrifa undir samning um vinabæjartengsl höfuðborganna tveggja.

Lúðrasveit frá Litháen mun leika á hlaðinu á Bessastöðum áður en athöfnin hefst.

Fjölmiðlum er boðið að vera viðstaddir þessar athafnir og mun jafnframt gefast svigrúm til að ræða við gestina frá Litháen.

18. ágúst 2006

*Nánari upplýsingar veita Skrifstofa forseta (540 4400) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).*